

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 30. júní 1980

um sjöundu breytingu á tilskipun ráðsins 73/241/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kakó- og súkkulaðivörur til manneldis

(80/608/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt iii-lið b-liðar 2. mgr. í II. viðauka við tilskipun ráðsins 73/241/EBE ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 78/842/EBE ⁽⁵⁾, er aðildarríkjum heimilt að leyfa áfram notkun á þeim ýruefnum sem talin eru upp í iii-lið a-liðar 2. mgr. í nefndum viðauka í kakó- og súkkulaðivörur.

Að því er varðar ammóníumfosfatíður (ammóníumsölt af fosfatsýrum) virðist notkun þessara efna bjóða upp á tæknilegan ávinning þar sem þau breyta á engan hátt skynrænum eiginleikum kakó- og súkkulaðivaranna sem þeim er bætt við.

Ammóníumsölt af fosfatsýrum eru ekki skaðleg heilsu manna ef farið er eftir, í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í 6. mgr. I. viðauka um lesitín, fastsettu hámarki fosfatíðs sem leyfilegt er að nota í fullunninni vöru og sem er ákveðið með tilliti til náttúrlegs fosfatíðinnihalds í kakóbaunum.

Því ber að gera öllum aðildarríkjunum kleift að leyfa notkun þessara efna og ákveða síðar, að fenginni reynslu, hvort leyfð skuli almenn notkun þeirra alls staðar í bandalaginu.

Að því er varðar glýserólþólýrísínóleta og sorbítrantrísterata ber að fresta ákvörðun um hvort auka beri notkun þeirra í kakó- og súkkulaðivörum.

Á meðan ekki liggja fyrir áreiðanleg gögn um neyslu kakó- og súkkulaðivara alls staðar í bandalaginu er ekki unnt að meta hversu mikils er neytt af hvoru efni fyrir sig. Því er sem stendur ógerlegt að lýsa því afdráttarlaust yfir að heilsu manna stafi ekki hætta af þessum efnum.

Enn fremur er ítarlegri rannsókn þörf til að unnt sé að réttlæta notkun þessara efna út frá tæknilegu sjónarmiði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 73/241/EBE:

1. Eftirfarandi málsgrein bætist við II. viðauka:

„1. a) Aðildarríkjunum er heimilt að leyfa viðbót af ammóníumsöltum af fosfatsýrum í kakó- og súkkulaðivörur sem um getur í 1. mgr. I. viðauka, að kakókjörnum undanskildum.

Heiti vörunnar skal fylgja yfirlýsing um þessa viðbót og hlutfall hennar, nema þegar ammóníumsöltum af fosfatsýrum er bætt við súkkulaðitegundirnar sem um getur í liðum 1.16 – 1.28.

Ef ammóníumsölt af fosfatsýrum eru notuð gildir einnig hámarkshlutfallið sem mælt er fyrir um í þriðju undirgrein 6. mgr. I. viðauka.

Ráðinu er heimilt, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 100. gr. sáttmálans, að setja þessi efni í I. viðauka.“

2. Í stað textans í iii-lið a-liðar 2. mgr. II. viðauka komi eftirfarandi:

„iii) pólýglýserólþólýrísínólati og sorbítrantrísterati í kakó- og súkkulaðivörur sem um getur í fyrstu undirgrein 6. mgr. I. viðauka.“

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 89, 10. 4. 1980, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 34, 11. 2. 1980, bls. 103.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 247, 1. 10. 1979, bls. 12.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 228, 16. 8. 1973, bls. 23.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 291, 17. 10. 1978, bls. 15.

3. Í iii-lið b-liðar 2. mgr. II. viðauka komi „31. desember 1983“ í stað „20. júní 1979“.

4. gr.

2. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Tilskipun þessi öðlast gildi frá og með 21. júní 1979.

Gjört í Lúxemborg 30. júní 1980.

3. gr.

Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Fyrir hönd ráðsins,

V. BALZAMO

forseti.
